

Skólaráðsfundur, 1. fundur

Mætt: Gróa Björk, Víðir S. Jónsson, Davíð, Margrét E., Ingunn, Garðar, Birgitta, Haraldur.

Ritari: Bryndís Jóna

- Starfsáætlun

- Haraldur Axel ber starfsáætlun undir fundargesti. Áætlunin hafði áður verið send á skólaráðsmeðlimi í tölvupósti. Óskar eftir athugasemdum eða ábendingum. Engar bornar fram. Starfsáætlunin er samþykkt. Fyrir hönd skólaráðs samþykkir Víðir áætlunina með undirskrift.

- Skólabyrjun og skóladagatal

- Haraldur segir frá helstu nýjungum þetta skólaárið s.s. dans/jóga og slökun í 1. - 4. bekk, bekkjar-ART þjálfun í 5. bekk, skákkennslu í 4. - 5. bekk sem Siguringi stundakennari sinnir og forritun í 5. bekk.
- Haraldur segir frá helstu viðburðum það sem af er skólaári og fjallar um það sem framundan er.
 - Körfuboltavöllur hefur verið vígður. Lengi hefur verið beðið eftir vellinum sem er sambærilegum þeim sem eru við aðra grunnskóla Reykjanesbæjar. Nemendaráð ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra kepptu vígsluleikinn, strákar á móti stelpum. Bikar afhentur þeim bekk á unglíngastigi sem hjóp mest í Norræna skólahlaupinu.
 - Þorgrímur Þráinsson kom og talaði við nemendur í 10. bekk með fyrirlesturinn Verum ástfangin af lífinu. Hann er væntanlegur í lok mánaðarins og mun þá hitta nemendur í 5. - 7. bekk með fyrirlesturinn Vertu hetjan í lífi þínu.
 - Uppbyggingarstefnudagurinn verður í byrjun nóvember.
 - Dagur íslenskrar tungu í nóvember og þá fara fram menningarstundir.
 - Vetrarfrí er sameiginlegt í öllum skólum þetta árið.
 - Stofuskreytingar í kringum 1. í aðventu, árshátíð og fleira.

- Fjárhagsáætlun.

- Haraldur segir stuttlega frá fjárhagsáætlanagerð og þeim óskum sem hann hefur sett fram, s.s. ósk um kennslustofu á skólalóð og kaup á nýjum húsgögnum í kennslustofur. Rekstrarhlutinn í góðu horfi. Víðir spyr hvort útlit sé fyrir að Haraldi takist að vera innan rammans og Haraldur svarar því til að svo sé.

- Önnur mál

- Haraldur býður fundargestum að ræða önnur mál.
- Víðir nefnir að sameining bekkja í 9. bekk hafi tekist vel. Tveir fámennir bekkir voru sameinaðir í einn. Haraldur segir að þessi breyting hafi tekist vel en að verkefnið sé í sífellri endurskoðun.
- Ingunn spyr hvort nemendaráð geti aftur kallað eftir hugmyndum nemenda. Birgitta svarar því til að það sé til umræðu en að umgengnin um hugmyndakassann sem settur var út í fyrra hafi ekki verið góð. Ingunn nefnir einnig að gott væri að fjölga leikföngum sem hægt er að nota í frímínútum eins og boltum, snú-snúböndum og fleira. Margrét bendir á að vanti tilfinnanlega leikföng eða afþreyingu fyrir miðstigið. Haraldur segir frá hugmyndum um að nýta framlóðina og setja þar t.d. trjádrumba.
- Haraldur segir frá því að stefnt er að að taka þátt í Krakkakosningum. Markmiðið er að kenna nemendum hvað lýðræði sé og hvernig kosningar fari fram.
- Fleira ekki rætt og fundi slitið.